

Starfslýsing, skólasálfræðingur

Starf

Skólasálfræðingur

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

100%

Tilgangur og markmið starfs

Markmið starfsins er að veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast líðan og persónulegum högum þeirra. Skólasálfræðingi er ætlað að veita foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.

Helstu verkefni

- Veitir nemendum sálfræðiþjónustu og vísar málum áfram á viðeigandi stofnanir
- Heldur hópnaðsmeið fyrir nemendur sem eru með kvíða eða depurð sem truflar daglegt líf
- Tekur þátt í vinnu forvarnarteymis ásamt námsráðgjöfum og forvarnarfulltrúa
- Situr kynningarfundir með foreldrum nýnema
- Kynnir nýnemum starf skólasálfræðings og þjónustu sem hann veitir
- Skilar ársskýrslu til skólameistara í lok hvers skólaárs
- Er stjórnendum og kennurum til ráðgjafar í erfiðum málum er varða nemendur
- Fylgist með nýjungum á sviði sálfræðiþjónustu og skipuleggur eigin starfsþróun
- Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um

Ábyrgð

Tekur þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum og liðsinnir nemendum sem eiga við persónuleg vandamál að stríða

Situr í forvarnarteymi skólans

Ber ábyrgð á að upplýsingar um sálfræðiþjónustu í skólanum séu réttar á heimasíðu MA

Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt sem besta þjónustu á hverjum tíma

Starfslýsing, skólasálfræðingur

Menntun, reynsla og hæfni

Hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur. Æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi í framhaldsskóla, hafi skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt sveigjanleika. Sýni frumkvæði, árverkni og þjónustulund. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Skólasálfræðingi er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er skólasálfræðingi að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en skólasálfræðingur stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. frekar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Skólasálfræðingi er skylt að gæta þagnarskylda um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.